



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. maí 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Vísað er til fyrri umsagnar félagsins dags. 20. maí um sama málefni. Í þeirri umsögn var fyrirvari um áskilnað til að koma frekari athugasemdum að ef tilefni gæfist til síðar.

Með bréfi þessu er bætt við tveimur atriðum við fyrri umsögn félagsins.

Fyrri atriðið fjallar um greiðslur sjúklinga og greiðsluþátttöku ríkisins.

Í 2. mgr. 43. gr. frumvarpsins segir að um gjald sem sjúkratryggður greiðir fyrir þjónustuna fari skv. 29. gr. og sé veitendum þjónustu óheimilt að krefja um frekara gjald. Í greinargerð með ákvæðinu segir að veitanda þjónustunnar sé þannig óheimilt að krefja sjúkratryggðan um annað eða hærra gjald en gert er ráð fyrir að hann greiði samkvæmt 29. gr. frumvarpsins.

Í því samhengi sem hér er til umfjöllunar er rétt að minna heilbrigðisnefnd á að í samningum Læknafélags Reykjavíkur við ríkisvaldið hefur til langs tíma verið ákvæði sem heimilar læknum að taka við fullri greiðslu úr hendi sjúklinga án greiðsluþátttöku ríkisins, óski sjúklingur sjálfur eftir því. Ákvæði þetta var áður í 2. mgr. 5. gr. samnings frá 27. mars 1998 og varð tilefni dómsmáls nr. 319/2003 milli Tryggingastofnunar ríkisins gegn Íslenska bæklunarlæknafélaginu. Þar var viðurkenndur réttur sjúklings og læknis, sem var á samningi við Tryggingastofnun, til viðskipta án greiðsluafskipta Tryggingastofnunar.

Í kjölfar tilvitnaðs dóms var samningsákvæðinu breytt nokkuð frá því sem áður var og er nú að finna í 3. mgr. 5. gr. samnings milli sömu aðila frá 21. desember 2004 með síðari breytingum. Þótt ákvæðinu hafi verið breytt nokkuð er þó enn að finna í því heimild til viðskipta læknis á samningi við Tryggingastofnun við sjúkling án greiðsluafskipta stofnunarinnar.

Ástæða þess að fulltrúar heilbrigðisnefndar eru nú minntir á þessa forsögu er sú að þarna er verið að gæta að rétti sjúklinga til viðskipta við samningsbundna lækna án þess að ríkisvaldið komi að eða vita af þeim viðskiptum. Hefur í þessu samhengi sérstaklega verið vísað til geðsjúklinga, þótt ákvæðið eigi ekki eingöngu við um þá, sem af ýmsum ástæðum kjósa að leita sér læknishjálpar án þess að ríkisvaldið komist á snoðir um þau viðskipti.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Verði frumvarpið að lögum er full ástæða til að gætt sé réttinda sjúklinga til að fá að greiða hluta ríkisvaldsins vegna þeirra þjónustu sem veitt er af samningsbundnum lækni kjósi þeir svo.

Síðara atriðið sem félagið bendir á varðar ákvæði 39. gr. frumvarpsins.

Á fundi með heilbrigðisnefnd þann 20. maí sl. kom fram hjá ónafngreindum nefndarmanni, í umræðum um að ekki yrði lengur samið við félög lækna, að í ákvæðinu væru félög lækna ekki talin upp sem mögulegir samningsaðilar. Það útilokaði að framvegis yrði samið við þau. Það er rétt að í ákvæðinu eru félög lækna ekki upptalin sem mögulegir samningsaðilar.

Í gildandi lagaákvæði um sama efni er hið sama uppi á teningnum. Þar eru félög lækna ekki talin upp sem mögulegir samningsaðilar.

Munur ákvæðanna felst í því að í frumvarpstextanum er talað um einstaklinga en í gildandi lögum er talað um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Í hvorugu ákvæðinu er minnst á félög og er vandséð að unnt verði að túlka texta frumvarpsins með þrengri hætti en gildandi lagaákvæði. Gildissvið settra laga verður ekki þrengt með athugasemd í greinargerð eða ræðustól Alþingis.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar félagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður